


TÍÐARANDI

samtímaverk úr einkasafni
Skúla Gunnlaugssonar



ZEITGEIST

13.06 | 06.09 | 2020

TÍÐARANDI

Samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar

ZEITGEIST

Contemporary art from the private collection
of Skúli Gunnlaugsson

LISTASAFN ÁRNESINGA

HVERAGERÐI

TÍÐARANDI | ZEITGEIST

Vigdís Rún Jónsdóttir

Sýningin *Tíðarandi* - samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar dregur saman ný og nýleg verk eftir 55 listamenn sem tilheyra yngri kynslóð listamanna og hafa verið áberandi í íslensku myndlistarlífi undanfarin ár. Sýningin samanstendur af fjölbreyttum verkum úr safni læknisins og listaverkasafnarans Skúla Gunnlaugssonar og eiga verkin það sameiginlegt að vera unnin á síðastliðnum áratug. Samband listamanns við menningu og anda síns tíma er útgangspunktur sýningarinnar *Tíðarandi* þar sem skoðað er hvernig lesa má þjóðfélagslegar hræringar í gegnum listir. Listform samtímans eru hluti af tíðarandanum og endurspeglar þann tíma og það þjóðfélag sem þau eru sprottin af. Hugtakið samtímaleiki lýsir ákveðnu ástandi eða tengslum einstaklingsins við sinn eigin tíma, þar sem hann bæði samsamar sig honum og fjarlægir sig frá honum, í þeim tilgangi að greina hann betur. Listfræðingurinn Terry Smith heldur því fram að samtímalistin sé einhvers konar endurlit og úrvinnsla á reynslu úr fortíðinni.

Á sýningunni *Tíðarandi* má greina ákveðinn samhljóm í verkum listamannanna þar sem viðfangsefni og stílar úr fortíðinni eru sett í samhengi við tíðaranda samtímans. Í sal eitt birtast frásagnarkennd verk sem byggja á arfi fortíðarinnar, s.s. í gegnum myndmál Fornegypta, handverkshefð og þjóðlegan menningararf í formi glímukappa og gamalgróinna setninga úr íslensku tungumáli.

The exhibition *Tíðarandi/Zeitgeist* – contemporary works from the private collection of Skúli Gunnlaugsson brings together new and recent works by 55 artists who represent the younger generation of artists, and have made their mark on the Icelandic art scene in the past few years. The exhibition comprises a diverse selection from the collection of art collector Dr. Skúli Gunnlaugsson. All have been made over the past decade. The artist's relationship with the culture and zeitgeist of their time is the starting-point of the exhibition *Zeitgeist*, which explores how social upheavals may be discerned through art. The art forms of the time are part of the zeitgeist, reflecting the time and the society from which they spring. The concept of *contemporaneity* is a reference to a certain condition or the relationship of the individual to their own time, whereby they identify with it and simultaneously withdraw from it, in order better to analyse it. Art historian Terry Smith maintains that contemporary art is in a sense a revisiting and reworking of experience from the past.

In the exhibition *Zeitgeist* a certain resonance may be perceived in the artists' work, whereby subjects and styles from the past are juxtaposed with the zeitgeist of the present time. Displayed in Gallery I are narrative works based on the legacy of the past, e.g. via ancient Egyptian hieroglyphics, craft traditions, and the national heritage in the form of Icelandic folk-wrestlers (practitioners of *glíma*), and age-old phrases of the Icelandic language.

Í sal tvö og þrjú eru geometrísk mynsturverk allsráðandi, en sú stefna í myndlist virðist vera að ryðja sér til rúms meðal íslenskra myndlistarmanna eftir langa fjarveru, eða allt frá því að strangflatarlistin var alltumlykjandi um miðja síðustu öld. Árið 1955 skrifaði Þorvaldur Skúlason grein í tímaritið *Birtingur* undir heitinu „Nonfígúratív list“ þar sem hann útskýrir muninn á fígúratívri málalartist og nonfígúratívri. Þar segir hann að: „Allar listir séu í nánu sambandi við hugsun og tilfinningu samtíðar sinnar og svo sé einnig með nonfígúratíva málalartist. Hún ber í sér hraða nútímans og breytileik en einnig nákvæmni í vinnubrögðum. Þannig túlkar hún anda tímabilsins kannski frekar en ytra útlit þess.“

Það má því leiða líkur að því að viðfangsefni samtímalista felist ekki síst í endurtekningu þess liðna í endurnýjuðu samhengi við tíðarandann hverju sinni. Endurtekningin á sér þó ekki einungis stað innan verka samtímalistamannanna á sýningunni því sýningin *Tíðarandi* kallast á við sýninguna *Gjöfin til íslenskrar alþýðu – stofngjöf Ragnars í Smára til Listasafns ASÍ* sem sett var upp í Listasafni Árnesinga fyrir nákvæmlega einu ári síðan. Sýningarnar eiga það sameiginlegt að miðla verkum úr safni einkasafnara sem tilheyra hvor sinni kynslóðinni og má segja að verkin á sýningunum varpi ljósi á tíðaranda tveggja tíma. Listaverkasafnararnir Ragnar og Skúli eiga báðir ættir sínar að rekja til Árnessýslu og hafa átt stóran þátt í því að kynna og kenna þjóðinni að meta íslenska myndlist.

In Galleries II and III are geometric pattern-based pieces – a trend which appears to be gaining popularity among Icelandic artists after a long absence, ever since the heyday of the geometric abstract in the mid-20th century. In 1955 artist Þorvaldur Skúlason wrote an essay in the periodical *Birtingur* about “non-figurative” art, in which he explained the difference between figurative and non-figurative painting. He wrote: “All arts [are] closely tied to the thinking and feelings of their time, and the same is true of non-figurative painting. It conveys the speed and mutability of the present time, and also its meticulous methods. Thus it expresses the spirit of the time, rather than its external character.”

Hence it may be argued that the subject of contemporary art lies not least in a repetition of the past in a renewed relationship with the zeitgeist of the time. The repetition is not, however, limited to the works of the contemporary artists on display, as the exhibition *Zeitgeist* engages in a dialogue with the exhibition *A Gift to the People*, which opened precisely a year ago at the LÁ Art Museum, showcasing the inaugural gift of art to the Confederation of Labour Art Collection in 1961 by entrepreneur Ragnar Jónsson í Smára (1904-84).

The unifying factor of the two exhibitions is that they present works from the private collections of art collectors, of different generations, and the art displayed may be said to throw light on the zeitgeist of their respective eras. Art collectors Ragnar Jónsson and Skúli Gunnlaugsson both have family roots in the Árnessýsla region of south Iceland, and both have made an important contribution to presenting Icelandic art to the public, and transmitting to others their own passion for it.



Matthías R. Sigurðsson
Tíðarandinn / Zeitgeist / 2020
marmari /marble
23 x 25 cm

„Þetta snýst ekki um að safna
heldur að skapa veröld sem ég vil búa í“

Spegilmynd af listaverkasafnaranum Skúla Gunnlaugssyni

“It’s not a matter of collecting,
but of creating a world I want to live in“

An encounter with art collector Skúli Gunnlaugsson

Vigdís Rún Jónsdóttir

Listfræðingur / Art historian

Listaverkasafn Skúla Gunnlaugssonar hefur að geyma verk eftir listamenn frá öllum tímabilum íslenskrar myndlistarsögu síðastliðinna 130 ára, allt frá Sölva Helgasyni og gömlu meisturunum til listsköpunar dagsins í dag. Safnið inniheldur um 900 listaverk og stækkar enn jafnt og þétt. Í safninu er fjöldi verka eftir alla helstu meistara íslenskrar myndlistar auk naívista og minna þekktra listamanna sem þó skipta máli í listasögunni. Hvað kveikir þessa óþrjótandi ástríðu hjartalæknisins og listaverkasafnarans Skúla Gunnlaugssonar fyrir íslenskrri myndlist? Ég settist niður með Skúla á heimili hans, sem ber það glöggt með sér að þar býr listaverkasafnari, og ræddi við hann um listþörfina og þörfina fyrir að miðla listinni.

VIÐÍÐ RÚN JÓNSDÓTTIR

Ef þú horfir til baka, hvernig og hvenær byrjaðir þú fyrst að safna listaverkum? Voru það samtímalistaverkin eða gömlu meistarnir sem heilluðu þig, eða byrjaði ástríðan fyrir söfnun löngu fyrr?

SKÚLI GUNNLAUGSSON

Ég hef alltaf haft áhuga á myndlist og teiknaði mikið sem barn. Móðir mín var handavinnukennari og það var haldið að okkur systkinunum hvers konar handmennt. Ég hafði þó enga sérstaka hæfileika á þessu sviði en eflaust hefur þetta kveikt áhugann. Svo fékk ég kannski einhvers konar hugljómun í læknadeild Háskóla Íslands. Þá tók ég eftir mörgum listaverkum á göngum skólans en flest þeirra voru úr stofngjöf Listasafns

Skúli Gunnlaugsson's art collection includes works by artists of all periods of Icelandic art history over the past 130 years – from Sölvi Helgason and the Old Masters to the art of today. The collection comprises about 900 works of art, and is still steadily growing. It includes many works by all the leading masters of Icelandic art, as well as naïve and lesser-known artists, who nonetheless have their place in art history. What sparks cardiologist and art collector Skúli Gunnlaugsson's inexhaustible passion for Icelandic art? I sat down with Skúli at his home, which is quite evidently the home of an art collector, and discussed with him the need for art, and the importance of sharing art.

VIÐÍÐ RÚN JÓNSDÓTTIR

When you look back, how and when did you first start collecting art? Were you drawn to contemporary art, or the Old Masters? Or did the passion for collecting begin long before that?

SKÚLI GUNNLAUGSSON

I've always been interested in art, and as a child I drew a lot. My mother was a handicrafts teacher, and my siblings and I were encouraged to do all sorts of crafts. I had in fact no particular talent in that field, but no doubt it awakened my interest. Then perhaps I had a sort of epiphany when I was studying medicine at the University of Iceland. I noticed many works of art in the corridors at the University, most of which were from the founding donation of the University's art



Auður Lóa Guðnadóttir
Glímumenn / Wrestlers / 2018
leir / clay
16 x 7 x 14 cm

Hí, frá þeim hjónum Sverri Sigurðssyni og Ingibjörgu Guðmundsdóttur. Mér fannst þetta forvitnilegt og fylltist í raun mikilli aðdáun á þeim hjónum og las mér til um þau. Þau hafa líklega ómeðvitað verið nokkurs konar andlegir foreldrar mínir í listaverksöfnun þó ég hafi aldrei kynntist þeim persónulega. Seinna áttaði ég mig á því hvað þessi verk voru góð. Svo að segja engar feilnótur sem er fremur óvanalegt. Ég fór líka snemma að fara á uppboð en hafði auðvitað engin fjárráð til að kaupa neitt sem mig langaði í. Það var skemmtilegt að fylgjast með Þorvaldi í Síld og fisk þar. Það má kannski segja að maður hafi fundið fyrir nokkurri lotningu að upplifa hann á uppboðum því hann var í augum margra „Listaverkasafnari Íslands“. Ég finn núna að allt þetta hafði mikil áhrif á mig þó ég hafi ekki endilega fundið það þá. Síðan flutti ég til Bandaríkjanna til framhaldsnáms og eftir sjö ára sérnám settist ég þar að. Ég starfaði vestra allt þar til ég flutti heim 2018 eftir 20 ára dvöl. Þar kynnist ég svo söfnurum sem voru gríðarlega vel að sér í listasögu. Þá rifjuðust aftur upp fyrir mér hjónin Sverrir og Ingibjörg. Þessir kunningjar mínir í Bandaríkjunum söfnuðu langoftast einvörðungu vegna mikils áhuga á myndlist, en þó stundum líka sem fjárfestingakost. Ég las talsvert listasöguna á meðan ég var í námi og fór líka að fylgjast með þessu hér heima þó úr fjarlægð væri. Ég fór jafnframt að heimsækja stóru söfnin í Ameríku, forvitnast um listamarkaðinn og læra hvernig kaupin gerast á eyrinni. Allt þetta kveikti í mér einhvers konar bál, fyllti mig eldmóði og ég ákvað að hella mér út í þetta. Áhugi minn byrjar á módernistunum enda voru þeirra verk áberandi í safni Sverris og Ingibjargar. Síðan varð ég næsta dolfallinn af bandarísku abstrakt expressionistunum en það er líklega fyrsta listastefnan sem Bandaríkjamenn slógu í gegn með, þó svo að margir þeirra hefðu komið frá Evrópu upp úr seinna stríði.

VRJ

Hvert var fyrsta mikilvæga verkið sem þú keyptir og hvenær var það?

collection, from Sverrir Sigurðsson and his wife Ingibjörg Guðmundsdóttir. I found that interesting, and was filled with admiration for the couple, and read about them. I suppose they were unknowingly my “spiritual parents” in art collecting, although I never knew them personally. Later on I realised how good the art was – there was hardly a false step, which is quite unusual. And I soon started attending auctions, although of course I couldn’t afford to buy anything I wanted. It was enjoyable to observe entrepreneur Þorvaldur Guðmundsson of *Síld og fiskur* there. Perhaps I felt a certain reverence for him at the auctions, as he was seen by many as “Iceland’s Art Collector.” I see now that it all had a deep influence on me, although I wasn’t necessarily aware of it at the time. Then I went to the USA for postgraduate study, and after seven years’ specialist training I made my home there. I worked in America until I moved back to Iceland in 2018, after twenty years. In America I became acquainted with collectors who were erudite about art history, and then I thought of Sverrir and Ingibjörg. As a rule, my friends in the USA were collecting solely due to a great interest in art – but in some cases as investments. I read quite a lot of art history when I was studying, and I also started keeping up with developments here in Iceland, from afar. I started visiting the major American collections, learning about the art market, and finding out how the system functions. All this combined to light some kind of fire in me. I was filled with enthusiasm, and I decided to go for it. I started out with an interest in the modernists – whose works were a major part of Sverrir and Ingibjörg’s collection. Next I was captivated by the American abstract expressionists – that was probably the Americans’ first successful new art movement, although many of the artists had originally come from Europe after World War II.

VRJ

What was the first important piece you bought, and when?

SG

Það var líklega verkið „Vikingaslóð“ eftir Svavar Guðnason. Ég held að þetta hafi verið um jólin 2008. Þetta er stórt olíumálverk í hæsta gæðaflokki og ég viðurkenni fúslega að ég næstum táraðist af ánægju þegar ég hengdi það fyrst upp hjá mér.

VRJ

Af hverju listaverkasafnari?

SG

Maður lifir ekki á brauðinu einu saman. Þetta er mín andlega næring. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á sögu og í seinni tíð tungumálum. Listasagan er saga þjóðar og endurspeglar tíðarandann hverju sinni. Listin er líka tungumál, eða ég lít alla vega á það þannig. Þar á ég við myndmálið og myndheiminn sem þessi verk spretta upp úr. Þegar ég stóð fyrst frammi fyrir þessum stóru expressionísku verkum, þá opnaðist fyrir mér nýr heimur. Þá „lærði“ ég, svo að segja á augnabliki, að lesa málverk og meðtaka þau. Mörg þessara verka virtust í fyrstu einföld en við nánari athugun þrungin djúpri merkingu sem ég hafði aldrei geta lesið áður. Það er nefnilega ekki það sem maður sér heldur það sem maður upplifir. Myndefnið eitt og sér getur að mínu mati aldrei skapað listaverk nema „allt hitt“ fylgi með. Þetta er lykillinn að því að njóta myndlistar og auðvitað lista almennt. Pollock, Motherwell, Frankenthaler, de Kooning, Reinhardt, Twombly, Rothko, Kline og Gottlieb eru listmenn sem fengu mig til að bíta á agnið. Síðan fékk ég meiri áhuga á að velta fyrir mér litum og formum. Kannski er ég enn frekar upptekinn af því. Ég hef mikið velt fyrir mér rússnesku konstruktívistunum, suprematistum og síðan Bauhaus, þetta finnst mér alvöru „stöff“. Í kjölfar þessa fékk ég líka mikinn áhuga á arkitektúr og nú les ég mikið honum tengt. Áhuginn hverju sinni er að sjálfsgöðu breytilegur. Ég hef farið um víðan völl og tileinkað mér í seinni tíð fjölbreyttari miðla. Fyrst voru þetta bara málverk en núna er þetta allt spekrúmið; ljósmyndir, vídeó, skúlptúrar o.s.frv.

SG

It was probably *Vikingaslóð* (The Viking Way) by Svavar Guðnason. I think it was at Christmas 2008. It's a large oil painting of the highest quality, and I freely admit that I almost wept with joy when I first hung it in my home.

VRJ

Why be an art collector?

SG

Man does not live by bread alone. This is my spiritual nourishment. I've always had a great interest in history, and in more recent times in languages. The history of art is the history of a nation, reflecting the zeitgeist of each era. Art is a language, too, or I see it that way, at least – I mean the imagery and the visual world from which the art works emerge. When I first stood before these big expressionist works, a whole new world was thrown open to me. At that point I learned, almost instantaneously, to read a painting and take it in. Many of these works appear simple at first glance, but on closer scrutiny they are suffused with a profound significance that I had not been able to decipher before. You see, it's not a matter of what one sees, but what one feels. The subject in itself can never, in my view, make for a work of art, unless “all the rest” is included. That is the key to enjoying visual art, and of course the arts in general. Pollock, Motherwell, Frankenthaler, de Kooning, Reinhardt, Twombly, Rothko, Kline and Gottlieb are the artists who got me to take the bait. Then I became more interested in considering colours and shapes. Maybe I'm still rather focussed on that. I've explored the Russian constructivists, the suprematists, and then the Bauhaus – for me that's the Real Stuff. After that I developed a keen interest in architecture, and now I read a lot about that. My interests vary from one time to another. I've cast my net wide, and recently I've been moving into more diverse media. Initially it was just paintings, but now it spans the whole spectrum: photography, video, sculpture and so on.



Ásdís Sif Gunnarsdóttir
It's your moment of claim / 2015
ljósmynd / photograph
49 x 88 cm



Rakel McMahon
View of Motivation / 2013
olía á striga / oil on canvas
54 x 78 cm

VRJ

Fylgir safnið þitt einhverju tilteknu þema, þ.e. má greina einhvern þráð í gegnum safneignina?

SG

Já, ég hef tileinkað mér stefnu. Fyrst voru þetta módernistarnir; Svavar, Þorvaldur, Nína, Guðmunda og fleiri, en síðan fór ég þæla meira í gömlu meisturunum. Kjarval er sannarlega kapítuli út af fyrir sig og síðan finnst mér Jón Stefánsson mjög merkilegur listamaður. Hann er að mínu viti fyrsti íslenski módernistinn þó hann sé nú ekki almennt flokkaður með þeim. Ásgrímur Jónsson, Þórarinn B. Þorláksson og Einar Jónsson eru auðvitað líka tímamótamenn. Eftir að hafa eignast nokkra tugi olíuverka eftir þessa „gömlu“ fór ég að velta samtímalistinni miklu meira fyrir mér og núna síðustu árin þeim allra yngstu. Það sem er að gerast í dag er alltaf mest spennandi, þar er grasrótin og þar verður ný veröld til svo að segja á hverjum degi. Ég hef ávallt haft sérstakan áhuga á myndlist kvenna og meira að segja er ein sýningin hjá mér tileinkuð þeim og var sett upp til að minnast 100 ára kosningaréttar kvenna. Það má segja að ómeðvitað hafi orðið til þetta safn sem spannar öll helstu tímabil íslenskrar myndlistarsögu, það var ekki markmiðið í upphafi en er það núna. Það er frekar óvanalegt og sumir málsmetandi menn í þessum geira réðu mér frá því enda slíkt þungt í vöfum og manni endist ekki ævin til slíks. Það er þó fráleitt stefna hjá mér að eignast verk eftir sem flesta listamenn, nú er þetta orðið þannig að ég er bara að fylla upp í eyðurnar og verð það alltaf. Maður reynir að búa til þetta „fullkomna safn“ sem er auðvitað ekki til. Það eru alltaf eyður, meira að segja á Louvre og MoMA. Bara nýlegt dæmi, ég á kannski 25-30 olíuverk eftir Kjarval og ég hélt ég væri bara nokkuð góður en svo rakst ég á tvær myndir í síðasta mánuði sem mig „vantaði“. Svona er þetta skemmtilegt og þarna finnur maður líka hvernig meistarinn kemur manni endalaust á óvart. Rauði þráðurinn í mínu einkasafni er saga íslenskrar myndlistar í 130 ár.

VRJ

Is your collection defined by any particular theme – is there any keynote running through the collection?

SG

Yes, I have pursued a theme. Initially it was the modernists: Svavar Guðnason, Þorvaldur Skúlason, Nína Tryggvadóttir, Guðmunda Andrésdóttir and others. Then I turned my attention to Iceland's Old Masters. Kjarval is of course one of a kind, and then I find Jón Stefánsson a remarkable artist. In my view he is Iceland's first modernist, although he is not generally counted among them. Ásgrímur Jónsson, Þórarinn B. Þorláksson and Einar Jónsson are, of course, also pioneers of their time. After acquiring some dozens of oil paintings by the older artists, I started paying far more attention to contemporary art – and in the last few years especially the youngest artists.

It's always what's happening today that's most exciting – the grassroots are there, and a new world is born practically on a daily basis. I've always been especially interested in women's art: one of my exhibitions was devoted to women, marking the centenary in 2018 of women's suffrage in Iceland. One might say that this collection has evolved quite unconsciously to span all the major periods of Icelandic art history; that was not my intention at the outset, but now it is. That's rather unusual, and some leading people in the field advised me against it – as it is demanding, and one lifetime will not suffice to achieve it. But it is far from being my policy to acquire works by as many artists as possible; today I'm simply filling in gaps, and that's what I'll continue to do. You try to create a “perfect collection,” which naturally cannot exist. There will always be gaps, even at the Louvre and MoMA. Just to mention a recent example, I have about 25 or 30 oil paintings by Kjarval, and I was pretty satisfied with that – until I came across two paintings last month that I felt I was “lacking.” That's an enjoyable experience, and you realise how the maestro is

VRJ

Safnið þitt er til sýnis víða í opinberum rýmum á höfuðborgarsvæðinu, geturðu sagt mér hvenær og hvers vegna þú tókst þá ákvörðun að opna safn þitt fyrir almenningi?

SG

Það er annað sem sem ég kynnist í Bandaríkjunum. Metnaðarfullir safnarnar leggja áherslu á að hafa þetta sýnilegt. Sjálfur hef ég enga þörf fyrir sviðsljósið en mér er í mun að koma safneigninni á framfæri. Það er nefnilega engin menning að liggja á þessu eins og ormur á gulli eða vera með þetta í geymslu. Stóru söfnin okkar eru mjög mikilvæg en þau geta ekki gert allt. Það geta ekki heldur öll söfn verið í eigu hins opinbera. Ég vil kynna íslenska myndlist og myndlistarmenn fyrir fólkinu í landinu og færa listina nær hinum almenna borgara, líka til fólksins sem sækir ekki söfnin reglulega en fer mögulega að gera það þegar listin hefur svo að segja komið inn á gafl til þess. Ég er sannfærður um það að myndlistin hafi aukið lífsgæði mín og gert mig að betri manni. Það eru sterk egó í læknisfræði en listin hefur brotið odd af oflæti mínu. Ég vil gjarnan að aðrir upplifi það sama og þess vegna hefur aldrei hvarflað að mér að taka leigugjald fyrir að lána verk og setja upp sýningar. Það mundi ganga í berhögg við þetta markmið sem ég hef sett mér. Ég hef aldrei keypt listaverk með því hugarfari að græða og selja. Eftir sem áður er ég sannfærður um að fátt beri betri ávöxtun en góð myndlist, hún fellur aldrei í verði og er óháð duttlungum efnahagslífsins.

VRJ

Er einhver rauður þráður í gegnum sýningarnar sem þú hefur sett upp úr eigin safneign á undanförunum árum?

SG

Ég hef kappkostað að búa til þema fyrir hverja sýningu, gjarnan samtal á milli þess gamla og nýja en líka að leiða saman ólík atriði. Ég hef reynt að láta hverja

constantly revealing something new. The keynote of my private collection is the history of Icelandic art over 130 years.

VRJ

Many works from your collection are on display in public spaces in the Reykjavík area. Can you tell me when and why you decided to open up your collection to the public?



SG

That is something else I experienced in the USA. Zealous collectors strive to made the art visible. For myself, I have no need to be in the limelight, but it is important to me to make my collection accessible. There is nothing “cultured” about hoarding a collection out of the public eye, or locking it up in storage. Our major art museums are most important, but they can’t do everything. And not all collections can be public property.

I want to promote Icelandic art and artists to the people of this country, and bring art closer to the ordinary citizen – including the ones who do not regularly attend museums and galleries, but may do so when the art is right in their back yard. I am convinced that art has enhanced my quality of life, and made me a better person. In medicine there are a lot of big egos, but art has given me humility. I would like others to share that experience, and for that reason it has never occurred to me to take a fee for loaning works of art or holding exhibitions. That would be quite contrary to my objective. I have never bought a work of art with the intention of selling it at a profit. Yet I am sure that few investments yield a better return than good art – it never falls in value, and it is immune to the fluctuations of the economy.

VRJ

Is there some theme running through the exhibitions you have held in recent years from your own collection?



Elín Hansdóttir

Þrjú sjónarhorn / Three Views / 2016

blágerð / cyanotype

40.5 x 31.5 cm

sýningu mynda fagurfræðilega heild en auðvitað er þetta oft erfitt. Manni eru veruleg takmörk sett með aðgengi og rými en þetta hefur oftast gengið vel. Svo er það svo skemmtilegt að þegar maður endurnýjar þessar sýningar þá hefur starfsfólkið í fyrirtækjunum sem sýningarnar eru settar upp í miklu sterkari skoðanir en það hafði áður enda hefur það þá lært eitthvað af þessu öllu saman. Þá er tilganginum náð og ekkert nema gott um það að segja. Ég hef aldrei leitast eftir því að fólk verði sammála mér, í rauninni finnst mér mjög gaman þegar einhver er ósammála mér því þá veit ég að ég er að tala við heiðarlega manneskju. Það gerist líka iðulega þegar ég set upp sýningar að mér finnst eitthvað vanta og þá reynir maður að bæta úr því með nýjum kaupum. Þannig skapa þessar sýningar

SG

I've set out to establish a theme for each exhibition – normally a dialogue between old and new, while also bringing together different factors. I have tried to make each exhibition form an aesthetic entity, but of course that's often difficult. Access and space impose various limitations, but it has generally worked. And then it's such fun, when I'm updating exhibitions – the staff of the companies that host the exhibitions have much stronger opinions than they had before, as they have learned something from the experience. And so the purpose is achieved – and that is nothing but good. I've never expected people to agree with me – in fact I enjoy it when someone disagrees with me, because then I know I'm talking to an honest person. And it commonly happens, when I set up an exhibition,

ákveðna dýnamík fyrir allt safnið og það heldur áfram að mótast. Þetta kallast á erlendu máli „moving target“. Stundum grisja ég líka og losa mig við verk sem mér finnt ekki lengur eiga samleið með mér, það er þó orðið frekar sjaldgæft.

VRJ

Finnst þér að það sé á ábyrgð safnara að fræða aðra um myndlist og gera hana aðgengilega með öðrum hætti en í gegnum söfn og gallerí?

SG

Nei það held ég ekki. Ég finn ekki til þeirrar ábyrgðar. Það vill bara þannig til að ég hef notið góðra kennara í gegnum tíðina og ég vil gefa eitthvað til baka af því sem ég hef lært, þ.e.a.s ef einhver vill njóta. Það stríðir gegn eðli mínu að safna bara til að eiga eitthvað. Þetta má aldrei verða árátta heldur er þetta ástríða. Ég er þannig maður að ég vil læra eitthvað nýtt hvern einasta dag og er endalaust forvitinn um allt og ekkert. Þeir sem þekkja mig vita líka að ég hef gaman af því að fræða aðra hvort sem þeim líkar betur eða verr. Ég vil þannig koma því sem ég hef sjálfur lært til skila við aðra og um leið læra sjálfur eitthvað nýtt. Því miður er almenn þekking á myndlist ekki góð á Íslandi og aldrei fékk ég neina formlega kennslu í listasögu. Maður var látinn læra ljóð utan að, Íslendingasögurnar o.s.frv., sem í sjálfu sér er góðra gjalda vert, en ekki held ég að það hafi verið minnst einu orði á listasögu þegar ég var í grunnskóla og ég held að það hafi ekki breyst mikið síðan. Ég hef litlar áhyggjur af veraldlegri velferð Íslendinga en hún er lítills virði ef henni fylgir ekki andleg velferð. Án listar eru fáir hamingjusamir.

VRJ

Hefur aldrei blundað í þér að opna eigið sýningarrými fyrir sýningar úr eigin safneign og sem vettvang til að bjóða öðrum söfnurum að sýna söfn sín?

that I discover that something is lacking, so I try to make it up by new acquisitions. In that way the exhibitions establish a certain dynamism for the entire collection, which continues to evolve. It's what they call a "moving target." On occasion I will also deaccession certain pieces, when I no longer feel they belong. But that is quite rare these days.

VRJ

Do you feel it's the collector's responsibility to educate others about art and make it accessible through other means than museums and galleries?

SG

No, I don't think so. I don't feel any such responsibility. It just so happens that I have had excellent teachers over the years, and want to give back some of what I have learnt – if anyone is interested. It's against my nature to collect just for the sake of owning something. It must never become an obsession – it's a passion. I'm someone who wants to learn something new every single day; I'm endlessly curious about everything conceivable. And those who know me are aware that I enjoy sharing my knowledge with others, whether they like it or not. In that way I want to share what I have learnt with others, while myself learning something new at the same time. Sadly, general knowledge of art is not good in Iceland, and I never had any formal instruction in art history. We were made to learn poems by heart, and study the Icelandic sagas and so on – which in itself is worthwhile. But I don't think a single word was spoken about art history when I was in primary and lower-secondary school, and I don't believe there has been much change since then. I have no great concerns about Icelanders' worldly wellbeing, but that is not worth much if it is not accompanied by spiritual wellbeing. Without art, people are not generally happy.

VRJ

Have you never considered opening your own exhibition space for exhibitions from your collection, and also as a space for other collectors to show their collections?



Arna Óttarsdóttir

Circle of life (Six Ladies Braiding Each Others Hair) / 2011

ull, hör, bómull / wool, linen, cotton

73 x 80 cm



Fritz Hendrik IV

Dog in space / 2017

olía á striga, silkiþrykk, MDF / oil on canvas, silkscreen, MDF

81 x 95 cm

SG

Jú, en það yrði líklegast aldrei á Íslandi. Ég er líka af þýsku bergi brotinn og líklega yrði það í Þýskalandi enda hafa Þjóðverjar alltaf haft áhuga á norrænni menningu. Við erum þekkt fyrir handritin, Laxness og síðan Björk. En nú er íslensk myndlist líka orðin alþjóðleg. Fólk úti vill vita meira um þetta og svo er það líka þannig að enginn er spámaður í eigin föðurlandi. Íslenskir myndlistarmenn hafa slegið í gegn úti í hinum stóra heimi og þetta hefur breytt miklu. Þess vegna hef ég algjörlega einblínt á íslenska myndlist eða erlenda myndlistarmenn sem hafa starfað hér. Í byrjun keypti ég erlenda list en mér fannst ég verða að takmarka mig einhvers staðar. Það varð auðveldari ákvörðun þegar maður fann hvað íslenskir myndlistarmenn voru að sækja í sig veðrið á alþjóðlegum vettvangi.

VRJ

Hefur starfsferill þinn sem hjartalæknir haft einhver áhrif á val þitt á listaverkum í safnið?

SG

Alveg örugglega, þó kannski ekki á einstökum verkum heldur almennt. Læknisfræði, svo ég tala nú ekki um hjartalækningar, eru mjög „konkret“ fag. Ég gerði yfir 10.000 kransæðaagerðir í Bandaríkjunum og mér leiddist aldrei. Þrátt fyrir að þetta krefðist mikillar nákvæmni, oft um miðjar nætur, þá var þetta allt að mestu leyti eftir bókinni og kannski fremur tilbreytingarlaust. Þetta veitti mér þó mikla ánægju og ég sé ekki eftir neinu. En auðvitað voru þetta oft sólarlitlir dagar þar sem ég var lokaður inni á aðgerðarstofu alla daga. Ég vann reglulega um 14-16 klst. á sólarhring og líka um helgar. Mér leið vel en það vantaði eitthvað og þá kom myndlistin, þetta bætti hvort annað upp. Þrátt fyrir gríðarlegt vinnuálag var ég ekkert stressaður og ég hlakkaði til þess að fara í vinnuna hvern einasta dag. Ég held því eindregið fram að það hafi verið vegna þess að ég fór í annan

SG

Yes, but it would probably not be in Iceland. I'm also of German descent, and it would probably be in Germany, as Germans have always taken an interest in Nordic culture. We Icelanders are known for our saga literature, Nobel-prizewinning novelist Halldór Kiljan Laxness, and most recently Björk. But today Icelandic art has become internationalised, too. People abroad want to know more about it. And of course no-one is a prophet in his own country. Icelandic artists have been successful in the outside world, and that has made a big difference. For that reason I have focussed entirely on Icelandic art, or artists from other countries who have practised here. Initially I bought art from other countries, but I felt I was restricting myself. It was an easier decision when I observed that Icelandic artists were attracting attention internationally.

VRJ

Has your career as a cardiologist had any impact on your selection of art for your collection?

SG

I'm sure it has – though probably not on individual pieces, more as a general influence. Medicine – and specifically cardiology – is a very “concrete” profession. I performed more than 10,000 coronary surgeries in the USA, and I was never bored. While it demands extreme accuracy, often in the middle of the night, it was all mostly by the book, and perhaps a little monotonous. But I found it hugely rewarding, and I have no regrets. But, naturally enough, there were often days when I didn't see the sun, shut up in theatre every day. I regular worked 14 to 16 hours a day – weekends too. I enjoyed it, but something was missing. And then art came along – each complementing the other. Despite the massive workload I didn't feel stressed, and I looked forward to going to work each day. I am quite sure that is because I changed gear completely in evenings and on days off, i.e. into the abstract gear: I studied art, listened to music, and

gír á kvöldin og á frídögum, þ.e. abstrakt gírinn; stúderaði myndlist, hlustaði á tónlist og hreyfði mig reglulega. Þannig er það enn í dag, ég bý í Garðabæ og segi stundum í hálfkæringi að ég sitji á friðarstóli á sjúkrahúsinu í Keflavík, hættur að gera hjartaaðgerðir og hef meiri tíma til að hlúa að mínu safni enda var þetta komið úr böndunum, búandi í annarri heimsálfu. Ég hef enn mjög gaman af læknisfræði og botna lítið í því hvað kulnun virðist víðtækt vandamál innan læknastéttarinnar. Svo er það auðvitað þannig að störf mín í Bandaríkjunum hafa gert mér kleift að skapa þetta listaverkasafn, það hefði aldrei orðið til annars.

VRJ

Nú gekkst þú í gegnum mjög erfið veikindi árið 2017, hefur sú reynsla haft áhrif á val þitt á listaverkum í dag?

SG

Ekki hef ég fundið það sérstaklega. Auðvitað gerðu þessi veikindi mig auðmjúkari enda leit þetta illa út til að byrja með og ekki á vísan að róa með neitt. Bráðahvítblæði er dauðans alvara hjá fullorðnum en þetta jók manni líka þrótt, ég setti bara undir mig hausinn, fór í gegnum þessa meðferð og allt gekk upp þannig að nú er ég læknaður. Þegar maður hugsar þó til baka var þetta þó líklega einhvers konar *memento mori*; maður fór að velta enn frekar fyrir sér þessu „smáa“, hið smáa er alltaf svo fallett. Maður hugsaði til þeirra listamanna sem hafa gleymst eða að mínu mati hafa legið óbættir hjá garði í umræðunni. Mér finnst mikilvægt að vekja athygli á þeim og svo finnst mér líka sumum hampað meira en góðu hófi gegnir, en fer ekki nánar út í það.

VRJ

Nú er safneignin þín mjög fjölbreytt hvað varðar miðla og tímabil. Er söfnunin hluti af líftíma þínum, þ.e. er áhersla á ákveðna miðla og tímabil tengd breytingum í lífi þínu? Ef ég orða spurninguna skýrar,

exercised regularly. And that is still the way it is today. I live in [Reykjavik suburb] Garðabær, and I sometimes casually maintain that I have a quiet life at the hospital in Keflavík: I don't do cardiac surgery any more, and have more time for my art collection, which was getting out of control, with me living on another continent. I still take great pleasure in medicine, and I cannot really fathom why burnout seems to be a widespread issue in medicine. And of course it is a fact that my work in the USA has enabled me to build up this art collection. It would never have been possible otherwise.

VRJ

You experienced a grave illness in 2017. Has that had an impact on your selection of art works today?

SG


I'm not particularly aware of it. Of course my illness made me more humble – as the prospects were not good initially, and it could have gone either way. Acute leukaemia is deadly serious for adults; but it also gave me more energy. I just set my mind to it, went through the treatment, and it all worked out and now I'm cured. But looking back, it was probably a sort of *memento mori*; I started devoting even more attention to the small things: small is always beautiful. I thought of the artists who are forgotten, or who have in my view been sidelined from the discourse. I feel it's important to draw attention to them. I also feel that certain artists may be over-praised – but I'll say no more about that.

VRJ

Your collection is very diverse in terms of media and periods. Is your collecting part of your life story – in other words, does your focus on specific media and periods relate to changes in your own life? To put the question more clearly: do you have periods when you collect only photographs? Or works of a certain period? And is there some medium, or period, that appeals to you above others?



Ragnar Kjartansson
Festival d'Automne à Paris -
Poster, Friends Don't Throw
Refrigerators at Friends / 2015
ólía á striga / oil on canvas
120.5 x 80 cm



Egill Sæbjörnsson

Rotating Unit / 2010

Single channel video projection with objects and sound
dimensions variable, 6:52 minutes

tekur þú tímabil þar sem þú safnar aðeins ljósmyndum, eða verkum frá ákveðnu tímabili? Og er einhver miðill eða tímabil sem heillar þig meira en annað?

SG

Nei ég held ekki. Maður fer þó stundum í ákveðinn fasa, einblínir á eitthvað ákveðið, t.d. hef ég, síðustu tvö árin, markvisst kannað yngstu kynslóð myndlistarmanna. Maður er þó alltaf með vakandi auga fyrir því sem mögulega vantar, að fylla upp í þessar eyður sem verða alltaf til.

SG

No, I don't think so. But you sometimes fall into a certain phase, focussing on something specific; for example, for the past two years I have concentrated on exploring the youngest generation of artists. But you always have an eye open for what may be lacking – to fill in the gaps that inevitably arise.

VRJ

Are you collecting any specific artists now? And are there many artists you feel are lacking in your collection?

VRJ

Ertu að safna einhverjum ákveðnum listamönnum núna, og eru margir listamenn sem þér finnst vanta inn í safneignina?

SG

Mér finnst í raun ekkert beint vanta en auðvitað vantar alltaf eitthvað, þetta er jú eilífðarverkefni. Mig vantar enn verk frá einstökum tímabilum listamanna sem ég held mest upp á. Svo fær maður áhuga á einhverju „samtali“ á milli listamanna. Tek sem dæmi Jóhann Briem og Birgi Andrésson. Í fljótu bragði virðast þetta fremur ólíkir listamenn en síðan finnur maður eitthvað sem smellur saman, þá verður maður upptekinn af því um skeið. Þeir eru báðir í miklu uppáhaldi hjá mér og Birgir alveg sérstaklega. Ég reyni að snara mér verk eftir hann eins oft og færi gefst. Það sem mér finnst svo spennandi við þá báða er hvað þeir eru allt í senn þjóðlegir en líka svo nútímalegir. Á besta tímabili Jóhanns komu þessi stórkostlegu verk. Hann var mikill koloristi, oft líka lýriskur og mikil tilfinning í þessum verkum. Mér finnst þetta alveg frábær blanda.

VRJ

Listaverkasafn þitt og heimili einkennist af blöndu af mjög ólíkum verkum, ég hef áhuga á að vita hvernig þetta endurspeglar þig sem persónu og hvaða áhrif það hefur á þig að lifa innan um listaverk? Er eitthvað samtal á milli verkanna á heimilinu þínu?

SG

Þegar stórt er spurt þá verður oft fátt um svör. Mér hefur stundum verið lýst sem margræðri persónu. Það endurspeglast líklegast af því að ég hef áhuga á svo mörgu. Það er sama hvar borið er niður, ég hef oftast áhuga á því. Vinir mínir í Bandaríkjunum notuð orðið „multifaceted“, ég kann ekki endilega gott íslenskt orð fyrir það. Einkasafn mitt dregur dóm af þessu, það er fjölbreytt og ég vil bara það besta, en svo breytist það hvað manni finnst best. Ég lifi og hrærist í samtímanum

SG

I don't feel that anything is exactly lacking – but of course something is always lacking. This is a never-ending project. I still don't have works from certain periods of my favourite artists. Then you get interested in some kind of “dialogue” between artists – for example Jóhann Briem and Birgi Andrésson. At first glance they don't appear to have much in common as artists, but then you find something that “clicks,” and focus on that for a while. They are both great favourites of mine, Birgir especially. I try to get hold of his works whenever the opportunity arises. What I find captivating about both artists is that they are so authentically Icelandic, and at the same time so modern. In his best period Jóhann made wonderful works. He was a great colourist, and often lyrical, with a lot of emotion in his art. I find that a marvellous combination

VRJ

Your art collection, and your home, are characterised by a mixture of very different works. I'd like to know how that reflects you as a person, and how you are influenced by living among works of art. Is there a dialogue among the art works in your home?

SG

That's a big question to answer. I have sometimes been called a “multifaceted” person, as my American friends put it – probably reflecting the fact that I have a lot of interests. Whatever the subject, I'm generally interested in it. That informs my personal collection: it's diverse, and I want only the best – but one's idea of what is best evolves. I am caught up in the present, but I always try to relate it in some way to history and the past. The art in my home reflects that too. And I often let the works “circulate” a little in my home before they go to an exhibition. In that way I come up with ideas for new exhibitions, and get more closely acquainted with these “friends” of mine. It's all done to stir up the mind, so one doesn't stagnate or get stuck in a rut.

en reyni alltaf að tengja hann á einhvern hátt við söguna og fortíðina. Verkin á heimli mínu markast líka af þessu sjónarmiði. Svo læt ég oft verk „sirkulera“ heima hjá mér í einhvern tíma áður en þau fara á sýningu. Þannig fæ ég hugmyndir að nýjum sýningum og kynnist líka þessum „vinum“ mínum nánar. Allt er þetta gert til að koma róti á hugann, til þess að maður staðni ekki eða festist í einhverjum forarpytti.

VRJ

Hvaða verk telur þú vera mikilvægasta/verðmætasta verkið fyrir þig persónulega í þinni safneign?

SG

Það er útilokað fyrir mig að svara þessu. Þetta er líka breytilegt. Mörg verka minna eru löngu orðin hluti af sjálfum mér, skipta mig miklu máli persónulega og eru ekki föll fyrir allt veraldarinnar fé. Sagan skiptir líka máli. Mörg eldri verkin eiga sér langa sögu og voru heimilisgersemar fyrri eiganda. Þegar ég kaup þannig verk þá legg ég stundum mikið á mig til að komast til botns í því hvaðan þessi verk koma. Stundum kemur það fyrir að fólk kemur að máli við mig og segir: „já, þetta verk hékk uppi í stofu hjá ömmu og afa í hálföld“. Mér þykir vænt um þessar sögur og þær fylgja verkinu þó svo að það sé komið til mín. Sagan verður að vera til og heldur áfram.

VRJ

Mundir þú segja að listaverkasöfnunin hafi breytt lífi þínu? Ef svo er, hvernig?

SG

Algjörlega, lífið mitt snýst að verulega leyti um þetta. Umsetning og fjöldi þessara sýninga hjá mér er til vitnis um það. Ég hef kynnst mörgum listamönnum og margt þetta fólk er meðal minna bestu vina í dag. Þó maður geti með engu móti alhæft, þá er þetta fólk oft öðruvísi en ég. Lífir mögulega meira í núinu, er mun næmara fyrir umhverfi sínu og þess vegna viðkvæmara. Maður

VRJ

What piece in your collection do you regard as the most important/valuable for you personally?

SG


There's no way for me to answer that. And it varies. Many of my works have long ago become part of me, of great significance to me personally. And some of them I would never sell, for all the money in the world. The history also matters. Many of the older pieces have a long history, and were treasured by their former owners. When I buy such a work, I sometimes put a lot of effort into exploring its provenance. People may come to me and say: "Yes, that work hung on my grandparents' wall for half a century." I like those stories, and they accompany the work, even though it has come to me. History must be maintained, and it carries on.

VRJ

Would you say that collecting art has changed your life? If so, how?

SG

Absolutely, it's one of the major focusses of my life – as witness the turnover and the number of exhibitions I have held. I've got to know many artists, and many of those people are among my best friends today. But one can't generalise – they are often very unlike me. Perhaps they live more in the present; they are far more perceptive of their surroundings, and hence more sensitive. You have to approach them in different ways. It's all been good for me. The only thing that irritates me is when someone presses me to buy a piece – it's rare, but it happens. Then all you can do is try to avoid the issue – I don't like being pressured. All the works in my collection are works whose time had come, and that's why they are there. I never make snap decisions. And I have many other interests that have nothing to do with art, such as economics, politics and mountain hiking, and I have travelled widely.



Pórdís Erla Zoëga
Veggteppi / Tapestry / 2011
olía á striga / oil on canvas
80 x 60 cm

þarf að nálgast þetta fólk á misjafna vegu. Allt þetta hefur gert mér gott. Það eina sem fer í taugarnar á mér er þegar fólk sækir hart að mér að kaupa verk, það er sjaldgæft en kemur þó fyrir. Þá er ekkert annað að gera en að reyna að koma sér undan, ég vil ekki vera beittur þrýstingi. Öll verkin í mínu safni áttu sinn vitjunartíma og eru þar þess vegna. Ég hleyp aldrei að neinu. Ég á þó mörg önnur áhugamál sem tengjast ekkert listum, svo sem hagfræði, pólitík og fjallgöngur og ég hef ferðast mjög víða.

VRJ

Mundir þú segja að söfnun sé fíkn? Að það sé hægt að verða háður ákveðnum listamönnum og listaverkum? Er söfnun bæði þrá og fíkn og þarftu kannski að vera haldinn þráhyggju til þess að verða safnari?

SG

Nei það held ég ekki. Þetta er ekki áráttá hjá mér en ég trúi þó að slíkt sé til. Öll fíkn er vond og ég er sannfærður um að ef maður væri háður þessu þá mundi það leiða mann í ógöngur. Ég get alveg hugsað mér líf án þess að safna myndlist þó ég hafi aldrei velt því fyrir mér sérstaklega. Það kemur af sjálfu sér, það hefur hægt á söfnun hjá mér. Það er eðlilegt enda er þetta orðið svo stórt safn. Það er ekki svo mikið framboð af góðum verkum að ég ráði ekki við að hafa hemil á mér. Það verður sífellt erfiðara fyrir mig að finna verk sem ég vil bæta við safnið en það er bara ágætt. Þetta snýst ekki um að safna heldur að skapa veröld sem ég vil búa í.

VRJ

Er listaverkasöfnunarkúltúr á Íslandi? Ef svo er hvernig mundir þú lýsa honum og hvernig hefur hann breyst frá því að þú byrjaðir fyrst að safna?

SG

Jú það er dálítill kúltúr í þessu þó hann sé ekki mikill en hann fer vaxandi. All margir eru í þessu til að fjárfesta og mér finnst ekkert að því. Arðsemi

VRJ

Would you say that collecting is an addiction? That one can become addicted to certain artists and works? Is collecting both a desire and an addiction, and does one need to be obsessed in order to be a collector?

SG

No, I don't think so. It's not an obsession in my case, but I can quite believe that may sometimes be the case. Any kind of addiction is a bad thing, and I am convinced that if one were addicted it would lead one into problems.


I'm quite able to imagine a life without collecting art, although I've never considered it particularly. It happens naturally, my collecting has slowed down. That's normal enough, my collection is so large now. The supply of good art is not so great that I cannot restrain myself. It's becoming more and more difficult for me to find works I want to add to my collection, but that's fine. It's not a matter of collecting, but of creating a world I want to live in.

VRJ

Does Iceland have an art-collecting culture? If so, how would you describe it? And how has it changed since you first started collecting?

SG

Yes, there is something of a culture – not much, but growing. Quite a lot of collectors do it as investment, and I see nothing wrong with that. The shares market here in Iceland has not yielded much for quite a long time, so people started to look elsewhere. And it has changed: in the past banks and major companies bought art, but that is less common now. I have actually bought some pieces from banks, which seems the wrong way round. I have sought out the company of other collectors, and many of them are good friends of mine. I don't see it as competition in any way, and I'm always pleased if a good piece goes where it will shine. I can mention one collector, Pétur Arason: his collection, with his wife Ragna,



Margrét H. Blöndal

Án titils / Untitled / 2016


vatnslitur, blýantur og ólífuoía á pappír

watercolour, pencil and olive oil on paper

34,8 x 25 cm

hlutabréfamarkaðarins hefur ekki verið góð hér á landi um nokkuð langt skeið og þá leitar fólk annað. Þetta hefur líka breyst, áður voru þetta bankarnir og stórfyrirtæki sem keyptu verk en það er minni áhersla á það núna. Ég hef reyndar keypt nokkur verk af bönkunum sem er kannski dálítið öfugsnúið. Ég hef sóst eftir félagskap við aðra safnara og þeir eru flestir góðir

is unique in Iceland. They focus mostly on concept art, fluxus and minimalism. That was largely a closed book to me, until I got to know Pétur. In that way, one benefits from knowing people. I think, if I say it myself, that my collection is quite unusual here in Iceland, because of its breadth. So far as I know, no-one of my generation has collected as I have done over the past decade and more.



Lilja Birgisdóttir
Íslenskt landslag / Icelandic landscape / 2015
ljósmynd / photograph
70 x 110 cm

vinir mínir. Ég lít ekki á þetta sem neina samkeppni og er alltaf ánægður ef gott listaverk ratar þangað sem það fær notið sín. Ég get nefnt einn safnara, Pétur Arason, en safn Péturs og Rögnu konu hans er einstakt á Íslandi. Þau einblína mest á hugmyndalist, fluxus og minimalisma. Þetta var mér að mestu leyti lokaður heimur þar til ég kynntist honum. Þannig nýtur maður góðs af félagsskapnum. Ég held, þó ég segi sjálfur frá, að mitt safni njóti nokkurrar sérstöðu hér á landi þar sem breiddin er mjög mikil. Að ég best veit hefur heldur enginn af minni kynslóð safnað í slíkum mæli sem ég hef gert sl. áratug og gott betur. Það eru nokkrir að sækja í sig veðrið, en það mættu svo sannarlega vera fleiri. Ég er líka mikill áhugamaður um hönnun og maður sér oft í tímaritum hvað fólk virðist leggja mikla áherslu á hana og er það vel. Svo lítur maður á veggina og þá er ekkert þar sem kallast á við þessa fallegu innanstokksmuni, nokkurs konar hrópandi ósamræmi. Þetta finnst mér dálítið skrítið en þarna eigum við enn eftir að þroskast nokkuð. Núna leyfi ég mér að sletta, því í mínum huga snýst þetta allt um „the total package“.

VRJ

Margir láta sig dreyma um að eignast safn eins og þitt einn daginn. Hvað ráðleggur þú ungum söfnurum sem vilja byrja á eigin safni?

SG

Maður verður að byrja á því að lesa sér til og fara á vandaðar sýningar sem njóta sýningarstjórnar. Ég hvet fólk til að fara í stóru söfnin okkar til að fá góða yfirsýn. Þar hafa verið haldnar mjög góðar sýningar undanfarin ár og gæði sýninga eru alltaf að aukast. Maður má ekki binda trúss sitt við það sem er vinsælast hverju sinni. Þetta er bara eins og með allt sem hver og einn vill tileinka sér, það þarf að setja sér markmið, maður þarf skólun, að beita sig aga, falla ekki í freistingar og muna að Róm var ekki byggð á einum degi.

There are some up-and-coming collectors, but we could certainly do with more. I'm also very interested in design. You often see in magazines how much emphasis people place on design, and that's fine. But then you look at the walls, and there is nothing there interacting with the beautiful furnishings – it's a massive dissonance. I find that rather odd, but we have yet to mature further in that field. In my view it's a matter of "the total package."

VRJ

Many people dream of acquiring a collection like yours some day. What advice do you have for young collectors who want to make a start?

SG

You have to start by doing your homework, reading and going to high-quality curated exhibitions. I encourage people to go to our big art museums to gain a good overview. Excellent exhibitions have been held there in recent years, and the quality of the exhibitions is always increasing. One mustn't hitch one's wagon to the most popular thing at the time. It's like anything else that people want to learn about: you have to set yourself objectives, get a schooling, be self-disciplined, not fall into temptation, and remember that Rome wasn't built in a day.

Vigdís Rún Jónsdóttir

Vigdís Rún Jónsdóttir er menntaður listfræðingur frá Háskóla Íslands og starfar sem menningarfulltrúi hjá SSNE – samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra. Undanfarin ár hefur Vigdís fengist við ritstjórnarstörf og sýningarstjórnun af ýmsu tagi, t.a.m. sýningarstjórnun á sýningunni Bókstaflaga – konkretljóð á Íslandi frá 1957 til samtímans. Sýningin var unnin út frá rannsóknum hennar í meistaranámi í listfræði á konkretljóðum í íslensku samhengi og var markmið sýningarinnar að sýna fram á þróun hugtaksins „koncretljóð“ og gildi þess í samtímanum. Vigdís er jafnframt höfundur og ritstjóri bókar sem ber vinnuheitið „Listaverkasafnarinn“ og er yfirlitsrit yfir valin verk úr einkasafni listaverkasafnarans Skúla Gunnlaugssonar.

Vigdís Rún Jónsdóttir

Vigdís Rún Jónsdóttir studied history of art at the University of Iceland, and is culture officer at SSNE – the Northeast Iceland Federation of Municipalities and Development. In recent years Vigdís has been working as an editor and curator. She curated, for instance, the exhibition *Bókstaflaga (Literally)* on concrete poetry in Iceland from 1957 to the present. Based on her research for her MA in art history on concrete poetry in the Icelandic context, the exhibition explored the evolution of the concept of “concrete poetry” and its significance in the present day. Vigdís is also author and editor of a book whose working title is *The Art Collector*, which showcases a selection from the private art collection of Skúli Gunnlaugsson.

Listamenn / Artists

Anna Hrund Másdóttir
Anna Rún Tryggvadóttir
Arna Óttarsdóttir
Auður Lóa Guðnadóttir
Auður Ómarsdóttir
Árni Erlingsson
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Ásgeir Skúlason
Áslaug Íris Friðjónsdóttir
Baldvin Einarsson
Davíð Örn Halldórsson
Egill Sæbjörnsson
Elín Hansdóttir
Emma Heiðarsdóttir
Fritz Hendrik IV
Gabríela Friðriksdóttir
Georg Óskar
Guðmundur Thoroddsen
Halldór Ragnarsson
Helga Páley Friðjónsdóttir
Helgi Þórsson
Hildigunnur Birgisdóttir
Hulda Vilhjálmsdóttir
Ingibjörg Sigurjónsdóttir
Ingunn Fjóra Ingþórsdóttir
Jóhanna Kristbjörg Sigurðardóttir
Katrín Inga Jónsdóttir Hjördísardóttir
Kristín Karólína Helgadóttir

Kristín Morthens
Leifur Ýmir Eyjólfsson
Libia Castro
Lilja Birgisdóttir
Loji Höskuldsson
Magnús Helgason
Margrét Bjarnadóttir
Margrét Blöndal
Matthías R. Sigurðsson
Ólafur Ólafsson
Ragnar Kjartansson
Ragnar Þórisson
Rakel McMahon
Sara Riel
Sigurður Atli Sigurðsson
Sindri Leifsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Skarphéðinn Bergþóruson
Snorri Ásmundsson
Steingrímur Gauti Ingólfsson
Sunneva Ása Weissshappel
Una Björg Magnúsdóttir
Þorvaldur Jónsson
Þór Sigurþórsson
Þórdís Aðalsteinsdóttir
Þórdís Erla Zoëga
Þrándur Þórarinnsson

Þessi sýningarskrá er gefin út í tengslum við sýninguna Tíðarandi
– samtímaverk úr einkasafni Skúla Gunnlaugssonar
í Listasafni Árnesinga 13. júní – 6. september 2020

This catalogue is published in connection with the exhibition Zeitgeist
– Contemporary art from the private collection of Skúli Gunnlaugsson
at LÁ Art Museum, June 13 – September 6 2020

Sýningarstjóri / Curator: Vigdís Rún Jónsdóttir
Umsjón og hönnun sýningarskrár / Catalogue production and design:
Kristín Þóra Guðbjartsdóttir og /and Kristín Scheving
Þýðing / Translation: Anna Yates
Prentun / Printing: Prentmet Oddi

Ljósmyndun / Photography:
Pétur Thomsen bls. / page 17, 21, 28
Sígfús Már Pétursson forsíða / frontpage
og fleiri /and others

Styrktaraðilar / Financial support
Safnaráð / Museum Council of Iceland
Uppbyggingarsjóður Suðurland / South Iceland Development Fund

Allur réttur áskilinn útgefanda og höfundum
© Listasafn Árnesinga og höfundar
All rights reserved by the publisher and authors
© LÁ Art Museum and authors

ISBN 978-9935-9527-0-7

Listasafn Árnesinga er í eigu Héraðsnefndar Árnesinga
LÁ Art Museum is owned by local municipalities in the county of Árnessýsla

Listasafn Árnesinga / LÁ Art Museum
Austurmörk 21
IS-810 Hveragerði
www.listasafnarnesinga.is

Safnstjóri Listasafns Árnesinga / Museum Director:
Kristín Scheving

Stjórn / Board:
Helgi Haraldsson, formaður / chair
Aldís Hafsteinsdóttir
Anna Kr. Ásmundsdóttir



LISTASAFN
ÁRNESINGA